

Langsokkurinn frá Leipzig

Simone Kermes situr fyrir svörum, spyrill er Jan Hammer.

Við erum stödd á ráðstefnu þýska söngkennarafélagsins, BDG, í hátíðarsal Carl Maria von Weber tónlistarháskólans í Dresden.



Dagrún Hjartardóttir

Simone mætir upp á svið klædd svörtu stuttpílsi, fleginni skyrtu, gulum sokkabuxum með svörtum þverröndum og ökklaháu skórnir minna á skauta vegna járnsins sem stendur aftan úr opnum hælum. Fyrir þá sem ekki þekkja til hefði mátt halda að þessi kona, með rauðflaksandi hárið, temmilega lítið greitt, væri söngkona í þungarokkshljómsveit eða tvíburasál Línu frá Smálöndum en ekki heimsfræg óperusöngkona. Spyrillinn ríður á vaðið.

1. “Hvernig hófst söngferill þinn, hvar lærðirðu og hjá hvaða kennara?”

Simone svarar með tilprifum og byrjar á því að tala um streitueinkennin sem hún finni fyrir við að sitja fyrir svörum fyrir framan alla þessa söngkennara, sem hún þekki suma en aðra ekki. En svo heldur hún áfram að miðla af sýn sinni og upplýsir að hún hafi lært við Felix



Simone Kermes

Mendelssohn tónlistarháskólann í Leipzig hjá Prof. Helgu Forner sem var strangur kennari, grætti marga en hafði margt til síns máls og margir nemendur hennar náðu góðum árangri. Þversögnin í sambandi kennara og nemanda er þó öxulmál segir Simone. Um leið og það er skylda manns að gleyma aldrei uppruna sínum, vera sjálfum

sér trúr og hafa kjark til að vera það alla leið, þá verði maður um leið að losa sig við kennarann; ekki að hluta til heldur alveg! Áhrif kennarans geta tafið fyrir þroska nemandans ef ekki er að gáð. Hann fríar mann við að taka ákvarðanir því hann andar niður í hálsmálið á nemandanum og litar alla túlkun og nálgun á viðfangsefninu. Á endanum, þegar söngferill hefst, þarf maður að standa á eigin fótum og þá er of seint að byrja allt í einu að hugsa sjálfstætt.

Þetta er ekki síður mikilvægt í ljósi þess að enginn einn kennari passar öllum nemendum. Kennarinn hennar hentaði henni þokkalega en átti illa við aðra nemendur. Hún var ekki

aðeins ströng við nemendur heldur átti hún sér ekkert líf, söngkennslan var henni allt, að þegar hún komst loks á eftirlaunaaldur þá dó hún. Þegar Simone gerði sér grein fyrir þessu hefur hún allar götur síðan prédikað mikilvægi þess að eiga sér áhugamál fyrir utan sönginn, fá sér kryddjurtagarð, læra að mála eða eitthvað í þá veruna sem heldur lífi í fólki þó þungamiðjunni sleppi. Kennarar, “get a life, get a hobby!!”

Því næst beinir hún sjónum að viðtökum sem ungir söngvarar fá og undirstrikar að yngri söngvarar og söngkennarar þurfi að fá að komast að. Það þarf að segja það upphátt þrátt fyrir hversu óvinsælt það getur verið. Hreinskilni vekur ekki alltaf vinsældir, en þetta er sannleikur sem verður að minna stöðugt á, til að jafnræði í tækifærum skapist og lífið í listgreininni haldist við.

Loks vikur Simone að mótandi áhrifum kennarans á hljóðfæri nemandans, röddina. Kennarinn hennar var lýrskur sópran og vildi að Simone yrði það líka og ekki bara hún, heldur nemendur hennar allir. Því var það að Simone hafði ekki hugmynd um koloratúrgetu sína fyrr en eftir útskrift. Hún þoldi aldrei Bach en svo fann hún Händel og þá byrjaði koloratúrballið sem náði hámarki þegar leikstjóri fékk hana til að syngja Konstönzu. Eftir það var ekki aftur snúið.

Hún segir: “Annars er ekki skemmtilegt að syngja Mozart. Þar er söngvarinn berskjaldaður, þarf að hafa allt svo hreint og skýrt sem er leiðinlegt til lengdar. Engu að síður er alltaf nauðsynlegt að fara til baka í Mozart, hann er kjarninn. Maður verður náttúrlega að syngja næturdrottninguna, þar eru peningarnir og gildir einu hversu fáránlegt hlutverkið er, “blöte Rolle!” Sjálf syng ég hana ekki lengur, tja, jú að vísu fékk hún að fljóta með á einni plötunni. Hvað gerir maður ekki í auglýsingaskyni? Annars er nauðsynlegt að berjast fyrir listinni og láta auglýsingamarkaðinn ekki taka yfir. Það er erfitt, en það er mikilvæg hugsjón.”



Simone Kermes

2. “Það verður að segjast að túlkun þín sé frekar óhefðbundin.”

“Tja, sko – barokkið selur núna. Í barokki er allt - og önnur tónlist er orðin til út af henni og byggð ofan á henni. Barokk selur en klassíkin er erfið, þar er listamaðurinn svo nakinn. Þegar hljóðfæraslátturinn hefst í barokkhljómsveitinni minnir það mig alltaf á rafmagnsgítarinn í popphljómsveitinni og allt fer af stað, kroppurinn iðar af gleði og þörf fyrir að bregðast við.

Óperettan er líka leiðinleg og erfið, svo erfið. Textinn er löngu orðinn úreltur, höfðar ekki til nútímans og húsin uppfull af gömlu fólki sem vikur ekki fyrir unga fólkinu. Það er til skammar.

Barokk hins vegar er æði, það er allt í barokki, þar iðar allt af lífi. Í barokkinu finnst ógrynni af samkynhneigðu fólki og fólki sem ögrar sjálfu sér og umhverfinu, sérstaklega í franska

barokkinu, þar er blússandi fjör. Miklu minna af þessum óviðjafnanlegu þáttum er að finna í óperettunni enda ekkert fjör þar.”

Simone heldur áfram að tala um gæðin í barokkinu og bendir á að þegar barokk er flutt, þurfi að gæta þess vel að hafa rétt hljóðfæri, rétta tónhæð og í raun fáránlegt þegar verið er að flytja þessa tónlist í risastórum tónleikahöllum með hljómsveit í fullri stærð. Það er út í hött segir hún. “Við látum kannski til leiðast, maður þarf jú að geta lifað af listinni en þetta er ekki rétt og alls ekki ef við hugsum út í það að tónskáldið hafi jafnvel valið tóntegund með sérstakan lit og áferð í huga...”

Hún heldur áfram og segir: “Sem betur fer er textinn eiginlega alltaf góður í barokktónlist. Allra best er þó AÐ ÞAR ER ENGINN HLJÓMSVEITARSTJÓRI. Eða eins og hún orðar það beint. “COOL enginn hljómsveitarstjóri í barokk.” Simone líkar fátt betur konsertar þar sem hún ræður öllu. Auk þess eru barokk konsertar ódýrari, það eru fáir hljóðfæraleikarar og hagkvæmnin í fyrirrúmi!!

“Hvað með Normu, ætlaðu að taka að þér hlutverk Normu?”

Simone var nýlega boðið að syngja Normu. Hún reynir lengi vel að komast hjá því að svara en á endanum segir hún: “Til hvers ætti ég að vilja það? 6 vikna æfingaferli? Bull! Ekki er ég að yngjast. Og til hvers að æfa í 6 vikur? Er það fyrir mig, til að kenna mér hlutverkið, nei, til að leikstjórin, sviðsstjórin og ljósamaðurinn geti æft sig. Á meðan líður tíminn, minn dýrmæti tími.” Fróðlegt verður að sjá hvort hún stendur við þessi orð sín eða lætur til leiðast.

Masterclass með Simone Kermes

Í masterclassanum fer Simone vel yfir resitatíf söngvaranna og leggur ríka áherslu á að syngja þau ekki of óperulega, heldur vera maður sjálfur. Hún nær sérlega vel til nemenda með þessari nálgun og nær því besta fram í þeim, raddlega sem og tæknilega. “Resitatíf,” segir hún, “er nauðsynlegt að lita, lita, lita. Nota appocciatura eftir smekk, stundum meira, stundum minna. Ég ýki allt, ýki ég of mikið?”

Bergmál, það að svara sterkum hendingum með veikum hendingum á móti er ofnotað í barokki. Hún segir nauðsynlegt að nota alla litina á milli, alla flóruna frá veikum söng, byggja smám saman ofaná, vekja efasemdir eða eftirvæntingu – halda spennunni, þar til áherslustaðnum er náð.

Resitatíf er erfiðast í óperum, raddlega líka og löngu barokkóperurnar eru fullar af resitatífum og við verðum að hafa þau áhugaverð. Svo rúlla ariurnar sjálfkrafa. Hún leggur áherslu á að söngvarinn eigi ávallt að halda í fjörið, gleðina og kraftinn, eða eins og hún orðar það, “mit Spaß, Freude und Power.” Í flutningi á söngvarinn ekki að velta sér upp úr söngtækni heldur einhenda sér í túlkunina.

Þessar níttíu mínútur sem Simone Kermes hefur til umráða í spjall og masterclass líða allt of hratt. Ótal spurningar hafa vaknað og hvað það væri gaman að heyra meira um líf hennar og starf, hver er drifkraftur hennar og hvað veitir henni innblástur. Við fáum ekki meira af henni í þetta sinn en hver veit nema hún komi aftur til Íslands einhvern daginn og að íslenskir aðdáendur fái líka að kynnast kennarahliðinni á henni.

Dagrún Hjartardóttir
skrifar frá Dresden